



Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær MÓTTEKIÐ 16. apríl 2021 Málsnr. <u>2021-04-004b</u> Frumrit - skilist til skjalasafns
---

Reykjavík, 13. apríl 2021

Tilvísun: 202102075 / 5.1

---

**Efni: Lagning 66 kv jarðstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð - beiðni um umsögn**


---

Landsnet hf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 12. apríl 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Ísafjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 3. maí 2021 og einnig á tölvupóstfang: skipulag@skipulag.is og jonagust@skipulag.is.

  
Jón Ágúst Jónsson